



Sýslumannafélag Íslands

Vatnsnesvegí 33, 230 Keflavík, thorolfur@syslumenn.is s. 420 2428

Alþingi
Erindi nr. P 143/350
komudagur 22.11.2013

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Reykjanesbæ, 22. nóvember 2013

Umsögn Sýslumannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna flutnings verkefna frá innanríkisráðuneytinu til sýslumannsembætta og annarra embætta og stofnana, 161. mál lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013-2014.

Vísað er til tölvupósts allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis þann 14. nóvember 2013 þar sem óskað var umsagnar um frumvarpið.

Almennt

Sýslumannafélag Íslands lýsir ánægju með þau áform innanríkisráðherra sem fram koma í athugasemdum með frumvarpinu um að bæta þjónustu og auka skilvirkni þannig að verkefnum sé sinnt af þeirri stofnun sem best er til þess fallin með tilliti til þekkingar og samlegðar verkefna, og að sérstaklega er miðað við að styrkja sýslumannsembættin með flutningi verkefna til þeirra.

Um 11. gr. Breyting á 60. gr. barnalaga, nr. 76/2003

Greinin gerir ráð fyrir að úrskurður sýslumanns samkvæmt þessu ákvæði sé endanlegur og verði ekki kærður til ráðherra.

Í 60. gr. barnalaga er heimild sýslumanns til að úrskurða meðlagsskylda til að inna af hendi sérstakt framlag vegna sérstakra útgjalda. Hin helstu eru útgjöld við fermingu, gleraugnakaup og tannréttingar barna en útgjöldin eru ekki tæmandi talin í greininni.

Í 78. gr. barnalaga er lögfest sú meginregla að heimilt sé að kæra úrskurð sýslumanns til ráðherra og að um málsmeðferð fari samkvæmt stjórnarsýslulögum og ákvæðum barnalaga.

Stjórnvaldsáskvarðanir sýslumanna samkvæmt barnalögum lúta að því að skera úr um rétt eða skyldu foreldra vegna barna sinna sem ágreiningur er um. Þó ágreiningur foreldra um greiðsluskyldu snúist ekki alltaf um háar fjárhæðir, varðar hann gjarnan grundvallaratriði í huga deilenda. Þegar svo háttar skiptir það réttarræði miklu að geta skotið stjórnvaldsákvörðun sýslumanns til æðra stjórnvalds, í þessu tilfalli innanríkisráðherra.

Ef þessi frumvarpsgrein verður lögfest fer það í bága við „þau meginviðhorf í stjórnáskilurétti að aðili stjórnáskilumáls geti fengið stjórnáskilákvörðun endurskoðaða hjá öðru stjórnáskilvaldi en því sem ákvörðunina tók“ svo vitnað sé í almennar athugasemdir við lagafrumvarpið.

Ef aðila stjórnáskilumáls samkvæmt 60. gr. barnalaga verður gert ókleift að kæra ákvörðun áskilumanns til ráðherra, hefur hann ekki önnur úrræði til að fá ákvörðunina endurskoðaða en að leita til dómstóla. Í því sambandi getur leikið vafi á því hvort skilyrði gjafsóknar eru uppfyllt, sem getur haft afgerandi áhrif og leitt til þess að réttaröryggi verði fyrir borð borið.

Að mati Sýslumannafélags Íslands er ekki knýjandi þörf fyrir þessa lagabreytingu og rökstuðningur fyrir henni ekki slíkur að réttlæti að víkja frá meginreglunni um að stjórnáskilákvörðun lægra setts stjórnáskilvalds skuli vera kæránleg til æðra stjórnáskilvalds.

Fjármögnun

Í fylgiskjali með frumvarpinu frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu er tekið fram að í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2014, sem nú er til afgreiðslu á Alþingi, eru „engar tillögur um millifærslur fjárhæimilda milli viðkomandi stofnana“ eins og það er orðað.

Sýslumannafélag Íslands lýsir áhyggjum sínum af því að frumvarpið hafi ekki verið kostnaðarmetið. Sýslumenn hafa á liðnum árum tekið við fleiri verkefnum sem eins hefur háttað með og ekki hafa fylgt fjárveitingar, eða lægri fjárveitingar en kostnaðarmat gerði ráð fyrir. Þó litlu verði Vöggur feginn, þá safnast þegar saman kemur.

f.h. Sýslumannafélags Íslands



Þórólfur Halldórsson formaður